



Caterina Fadda.



Fran Santos.

HANNA fyrir öldann

FADDASANTOS ER UNGT OG UPPRENNANDI HÖNNUNARTEYMI SEM VILL EINBEITA SÉR AÐ HÖNNUN TIL FJÖLDAFRAMLEIÐSLU. HLUTIR ÞESS ERU SPENNANDI OG OFTAR EN EKKI ÚTHUGSAÐIR, PRAKTÍSKIR OG, UMFRAM ALLT, LITRÍKIR.

TEXTI: MARÍA MARGRÉT JÓHANNSDÓTTIR

MYNDR: WWW.FADDASANTOS.COM

Hönnunarfyrirtækið FaddaSantos var stofnað af þeim Caterina Fadda og Fran Santos. Catarina Fadda nam keramiklist við Royal College of Art og eftir útskrift vann hún að sinni eigin hönnun og framleiðslu. Verk hennar vöktu mikla athygli og á meðal kúnna voru verslanir eins og Habitat, Harrods og Nordiska. Þá hlaut hún einnig fjölmörg verðlaun og viðurkenningar.

FADDA VERÐUR FADDASANTOS

Árið 2004 hóf Catarina Fadda samstarf við húsgagnahönnuðinn Fran Santos og stofnuðu þau stofuna FaddaSantos árið 2009. Stofnan er í London og hanna þau sérstök og öðruvísi húsgögn fyrir mörg þekkt fyrirtæki og verslanakeðjur, eins og til dæmis Rosenthal, John Lewis, og JosephJoseph. Þá hefur þetta tvíeyki hlotið fjöl-

mörg verðlaun og viðurkenningar fyrir hönnun sína en skemmst er frá því að segja að þau hlutu hönnunarverðlaunin Rauða punktinn (the red dot) árið 2009.

LITRÍKT OG LOKKANDI

Hönnun FaddaSantos er skemmtileg fyrir þær sakir að hún tekur mið af þörfum neytandans í hinum nútímalega heimi. Þar sem flestir þurfa að nýta hvern krók og kima á heimili sínu vel þá skiptir máli að vera með hluti sem geta látið lítið fyrir sér fara, raðast saman á úthugsaðan hátt og gegnt fleiru en einu hlutverki, eins og til dæmis Banquito-stóllinn sem getur verið stóll, sófaborð eða tímaritahisla – jafnvel leikfang fyrir minnstu krílin. Þeim sem vilja kynnast nánar verkum FaddaSantos er bent á heimasíðu þeirra, www.faddasantos.com.



Bollar hannaðir fyrir breska fyrirtækið JosephJoseph. Hugmyndin að baki þessum bollum er sú að það er hægt að hengja þá upp á slá til þess að spara pláss í eldhúsinu og auðvelda aðgengi að bollunum.

Þetta salt og pipar-sett er sérlega skemmtilegt. Það var hannað fyrir borð veitingastaða en hefur ratað inn á þúsundir heimila um allan heim. Það að hægt sé að raða staukunum hvorum ofan á annan sparar bæði pláss og gleður augað. Þessir staukar hafa verið framleiddir í mörgum mismunandi litum og hægt er að blanda litunum saman á marga ólíka vegu.



Ávaxtaskál sem er að hluta til handgerð og að hluta til búin til í vél. Það var sardínísk karfa, notuð fyrir að rúlla pasta í rétt form, sem veitti hönnuðinum innblástur að þessari skál. Maður ræður hvernig maður snýr skálinni, hvort grunna hliðin snýr upp eða ekki.



**HÖNNUN FADDASANTOS ER SKEMMTILEG FYRIR
ÞÆR SAKIR AÐ HÚN TEKUR MIÐ AF ÞÖRFUM NEYT-
ANDANS Í HINUM NÚTÍMALEGA HEIMI.**



Þetta sett fyrir salöt heitir Gemme og var hannað fyrir ítalska fyrirtækið Fratelli Guzzini. Litur þess og áferð minnir um margt á gimsteina.



Stóllinn Banquito er einstaklega hressandi. Honum má snúa á marga mismunandi vegu og raða jafnvel nokkrum saman í einu. Þá getur stóllinn líka gegnt stöðu sófaborðs og verið hirsla fyrir tímarit.